

Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

Annar fundur skólaársins 2012-2013

Dagsetning: 1. október 2012

Fundartími: 17:30-18:50

Fundarmenn:

Arndís Vilhjálmsdóttir, Björgúlfur Ólafsson, Edda Andradóttir, Helga Ólafsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Magnús Örn Guðmarsson, Sigurlína Margrét Magnúsdóttir og Þórarinn Sv. Arnarson

Fundarritarar: ÞSA og AV

Fundargerð:

Allir stjórnarmenn voru viðstaddir á fundinum. Byrjað var að fara yfir mönnun á stöðum. BÓ staðfesti að hann tæki að sér að vera gjaldkeri og AV bauðst til að vera hinn ritarinn. BÓ mun hafa samband við Ingileif Jóhannsdóttur sem var síðasti gjaldkeri til að setja sig inn í verkefni.

Sigurlína fór stuttlega aftur yfir hlutverk foreldrafélagsins fyrir fundarmenn sem komust ekki á fyrsta fundinn.

Fjallað var um fréttabréf foreldrafélagsins og litið á fréttabréf fyrri ára. ÞSA og AV taka að sér að undirbúa næsta fréttabréf sem stefnt verður að að komi út í byrjun nóvember.

Síðan var rætt um bekkjarfulltrúana og hvenær ætti að halda kynningu fyrir þá. Í framhaldi af því kom fram að það vantaði bekkjarfulltrúa í marga bekk í Való og annan af öðru bekkjunum í Mýró. Fulltrúar úr foreldrafélaginu í skólaráði myndu ræða þessa stöðu á næsta fundi og fara yfir hvort og hvernig foreldrafélagið gæti aðstoðað við að fá foreldra til að skrá sig sem bekkjarfulltrúa í bekkjunum sem vantar fulltrúa.

Bent var á að æskilegt væri að bekkjarfulltrúar í 7. bekkjunum hæfu fjáröflun fljótlega fyrir ferð 7. bekkinga til Reykja, en Reykjaferðin er annað sem talað var um að mætti ræða við skólastjórnendur. Ekki er hægt að krefja foreldra um greiðslu fyrir ferðina en 30 þúsund krónur er of mikið fyrir marga. Þetta þarf að endurskoða. Standa þarf betur að fjáröflun fyrir ferðina eigi hún að vera farin. Hugmynd kom upp að heppilegt væri ef allir söfnuðu saman í púkk en listi er til yfir hugmyndir af fjáröflunum fyrir 7. bekk. Einnig þarf að ræða við foreldra að þeir þurfi að skuldbinda sig til þess að fara því mönnun í ferði hefur ekki alltaf verið ásættanleg. Auk þess er nauðsynlegt að að minnsta kosti einn kennari fari með.

Ákveðið var að halda kynningu fyrir bekkjarfulltrúana **mánudaginn 15. október kl. 17:30-18:00** en að því loknu yrði rætt sérstaklega við fulltrúana í 7. bekk um Reykjaferðina. Fylgjast þarf sérstaklega vel með því að fundarboðanir náí til allra bekkjarfulltrúa .

Ákveðið var að halda saman laufabrauð og bókakynningu svipað og í fyrra á **laugardaginn 24. nóvember kl. 10-14**. MÖG tók að sér að kanna magn sem keypt var inn á síðasta ári og sjá um innkaupin. SMM tók að sér að tala við Ingu varðandi að kanna möguleika á að hafa söngatriði þennan dag og HP ætlar að tala við Gylfa eða Kára í tónlistarskólanum um það hvort einhverjir krakkar gætu komið og spilað. EA ætlar að tala við starfsfólk bókasafnsins varðandi skipulag bókakynningarinnar. Raða þarf niður á vaktir til þess að eftirlit sé með fólki sem vill steikja sjálf. Takmarka ætti steikingarmagn við 10 kökur í einu þar sem fólk hefur stundum verið að taka mikið magn með sér fyrr aðra en börnin og nánustu fjölskyldu þeirra.

Rætt var að eitt af verkefnum stjórnar foreldrafélagsins væri að lesa yfir skólanámskrá og námsáætlanir og stendur til að skipta yfirlestrinum milli stjórnarmanna. Stjórn foreldrafélagsins ætti einnig að kynna sér niðurstöður úr Skólapúlslinum. Þar kemur fram að virkni nemenda í tímum mætti vera betri.

Í lok fundarins kynnti SMM efni fundar í skólanefnd sem hún sat 5. sept. sl.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn **mánudaginn 5. nóvember kl. 17:30-19:00**.